

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1621
komudagur 23.3.2012

From: ion.ogm.thormodsson@evr.is [<mailto:ion.ogm.thormodsson@evr.is>]

Sent: 23. mars 2012 13:03

To: Eiríkur Áki Eggertsson

Cc: borghildur@els.is; lara@els.is; Postur@evr.is; thora.hjaltested@evr.is

Subject: Vörumerkjafrv., minnisblað um samskiptatungumál v. nefndarálits, texti Einkaleyfastofu lagfærður lítillaga af JÖÞ f. h. ráðun.

Minnisblað

Til: Efnahags- og viðskiptaráðuneytis – Jóns Ögmundar Þormóðssonar, skrifstofustjóra og Þóru M. Hjaltested, skrifstofustjóra

Frá: Einkaleyfastofu – Borghildi Erlingsdóttur, forstjóra

Reykjavík, 23. mars 2012

Efni: 12. gr. frumvarps til breytinga á vörumerkjalögum nr. 45/1997, sbr. þingskjal nr. 296 – 269. mál, lagt fram á yfirstandandi löggjafarþingi.

Ákvæði um samskiptatungumálið og undantekningar bær sem gilda í því samhengi.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið lagði fram hugmynd að tillögu að breytingu á ákvæði 12. gr. frumvarps til breytinga á vörumerkjalögum nr. 45/1997. Breytingartillagan var send efnahags- og viðskiptanefnd alþingis 6. mars s.l. Samkvæmt tillögunni er m.a.lagt til að bætt verði nýrri málsgrein við ákvæði 12. gr. frumvarpsins sem hljóðar þannig:

Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Einkaleyfastofan skal hafa samskipti við umsækjendur og eigendur vörumerkjaskráninga eða umboðsmenn þeirra á íslensku. Í undantekningartilvikum getur stofnunin tekið við skjölum á erlendum tungumálum.

Meginreglan er að öll samskipti umsækjanda og eiganda skráninga við Einkaleyfastofuna fara fram á íslensku. Það kemur skýrt fram í reglugerð um skráningu vörumerkja o.fl., nr. 310/1997 að umsókn skuli vera á íslensku. Undantekningartilvikin eru fyrst og fremst framsöl og tilkynningar um nafna- og heimilisfangabreytingar sem lögð eru fram á norðurlandatungumálum eða ensku. Þó er einnig kveðið á um það í 1. gr. Reglugerð um skráningu vörumerkja o.fl., nr. [310/1997](#). 1. gr. Umsókn um skráningu vörumerkis skal leggja inn hjá Einkaleyfastofu. Umsóknir skulu vera á íslensku á eyðublöðum sem Einkaleyfastofan lætur í té eða samsvarandi eyðublöðum. Einkaleyfastofan getur krafist löggiltrar þýðingar á fylgiskjöllum sem ekki eru á íslensku. framangreindrar reglugerðar að Einkaleyfastofan geti krafist löggiltrar þýðingar á skjölum sem ekki eru á íslensku.

Ísland gerðist aðili að alþjóðlegum samningi, Bókuninni við Madridsamninginn um alþjóðlega skráningu merkja ([The Protocol relating to the Madrid Agreement concerning the International Registration of marks](#)) árið 1997. Samkvæmt samningnum skulu umsóknir um alþjóðlega skráningu merkja vera á ensku. Aðilar eru yfir 70 að tölu, þ.á m. Evrópusambandið, Kína og Bandaríkin. Með slíkri skráningu er hægt að vernda merki í öllum

aðildarríkjum [samningsins](#) með aðeins einni umsókn. Ef Ísland er tilnefnt í slíkri alþjóðlegri umsókn tekur Einkaleyfastofan á móti umsókn á ensku í samræmi við ákvæði hins alþjóðlega samnings. Í 52. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997 kemur hins vegar fram að telji Einkaleyfastofan alþjóðlega skráningu vörumerkis óskráningarháfa hér á landi er eiganda skráningar/umsækjanda heimilt að tjá sig um málið og óska eftir því að það verði tekið til skoðunar að nýju. Eigandi skráningar/umsækjandi skal þá tilnefna umboðsmann samkvæmt ákvæði 35. gr. laganna. Í framhaldinu fara öll samskipti milli Einkaleyfastofunnar og umboðsmanns eiganda skráningar/umsækjanda fram á íslensku.

Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að undanþágur frá íslensku samskiptatungumáli eru í samræmi við aðild Íslands að alþjóðlegum samningi um alþjóðlegar skráningar vörumerkja. Einkaleyfastofunni er einnig heimilt að krefjast þýðingar þegar fylgiskjöl, svo sem nafnbreytingar og framsöl, eru lögð fram á öðru tungumáli en íslensku. Þá er aldrei tekið við greinargerðum frá umsækjendum eða eigendum skráninga á öðru tungumáli en íslensku.

Kveðja / Regards
Jón Ógmundur Þormóðsson